



Nefndarálit Allsherjarnefndar

Þingskjal nr. 1

Flytjandi stjórn Landssamband hestamannafélaga

Lagt fyrir Allsherjarnefnd _____

Tillaga

64. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Borgarnesi 25. og 26. október 2024, samþykkir að gera eftirfarandi breytingu á lögum LH.

Við bætist ný grein sem verður gr. 10.2. sem orðast svo:

Sérhver aðili sem gegnir ábyrgðastöðu f.h. LH eða sem kemur fram sem fulltrúi LH á opinberum vettvangi, þ.m.t. stjórnarfolk, nefndarfolk, starfsmenn, aðrir tilnefndir af stjórn, dómarmenn með dómarmaréttindi frá LH og landsliðsknappar, skulu sæta tímabundinni brottvikningu meðan þau sæta ákæru vegna brota á XXII. og XXIII. kafla almennra hegningarlaga.

Fyrir brot á XXII. kafla almennra hegningarlaga [kynferðisbrot] skal brottvikning vera varanleg.

Fyrir brot á XXIII. kafla almennra hegningarlaga [manndráp og líkamsmeiðingar] skal tímalengd brottvikningar taka mið af alvarleika brotsins, sem nemur tvöföldum tíma dóms, en þó aldrei skemur en sá tími sem viðkomandi er á sakaskrá.

Allir fulltrúar eru skuldbundnir til að tilkynna sjálfir um sérhverja ákæru eða dóm. Vanræki aðili slíkt skal það varða fyrirvaralausri og varanlegri brottvikningu.

Þau sem hlotið hafa refsidóm fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, á síðastliðnum fimm árum skulu sæta tímabundinni brottvikningu.

Greinargerð

Í almennum reglum FEIF er grein (1.6) sem kveður á um að ef fulltrúi FEIF hljóti ákæru og/eða dóm fyrir ofbeldis- eða kynferðisbrot skuli viðkomandi sæta brottvikningu. Tilgangurinn með þessari tillögu er að skýra betur umrætt ákvæði FEIF, og taka af allan vafa um það, yfir hvaða fulltrúa ákvæðið nær og fyrir hvaða brot.

Allsherjarnefnd leggur til að **tillögunni verði vísað til stjórnar** og hún skipi nefnd sem vinni með samskiptaráðgjafa og ÍSÍ. Ný tillaga verði kynnt á formannafundi 2025 og liggi fyrir Landsþingi 2026.



Mótttekið 1. sept.

Pingskjal nr. 2

Flytjandi Hestamannafélagið Geysir

Lagt fyrir Allsherjarnefnd _____

Tillaga

64. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Borgarnesi 25. og 26. október 2024, samþykkir að gera eftirfarandi breytingu á lögum LH, grein 10.4, 3. mgr.

Greinin er:

10.4 Breyting á lögum þessum, reglum og reglugerðum

Lögum LH verður aðeins breytt á landsþingi samkvæmt reglum þar um, einnig er ávallt heimilt á landsþingi að breyta þeim reglum og reglugerðum sem settar eru með stoð í lögum LH, enda fylgi slíkar breytingartillögur lögum LH.

Allar breytingar á lögum, reglum og reglugerðum skulu birtar á vef LH. Stjórn LH ber ábyrgð á því að kynna þær breytingar sem gerðar eru á lögum, reglum og reglugerðum hverju sinni.

Stjórn LH er heimilt á milli landsþinga að breyta reglum og reglugerðum um keppni í hestaíþróttum í samræmi við tillögur keppnisnefndar LH. Þá er stjórn LH ávallt heimilt að uppfæra reglur um íþróttakeppni og almennar reglur um keppni í samræmi við birtar breytingar á alþjóðareglum FEIF.

Reglugerð eða reglur stjórnar LH, sem samþykktar eru af stjórn sambandsins með heimild í gr. 10.4 laga þessara, og innihalda ákvæði sem leggja fjárhagslegar kvaðir á aðildarfélög, skulu ekki taka gildi fyrr en að fengnu samþykki landsþings.

Greinin verður:

10.4 Breyting á lögum þessum, reglum og reglugerðum

Lögum LH verður aðeins breytt á landsþingi samkvæmt reglum þar um, einnig er ávallt heimilt á landsþingi að breyta þeim reglum og reglugerðum sem settar eru með stoð í lögum LH, enda fylgi slíkar breytingartillögur lögum LH.

Allar breytingar á lögum, reglum og reglugerðum skulu birtar á vef LH. Stjórn LH ber ábyrgð á því að kynna þær breytingar sem gerðar eru á lögum, reglum og reglugerðum hverju sinni.

Stjórn LH er heimilt á milli landsþinga að breyta reglum og reglugerðum um keppni í hestaíþróttum í samræmi við tillögur keppnisnefndar LH. Þessar breytingar skulu birtar opinberlega (t.d. á netmiðlum) og taka strax gildi sem undanþága eða bráðabirgða lög. Allar þessar breytingar þurfa svo að fá samþykki næsta landsþings til að fá endanlegt gildi í lögum og reglum LH. Þá er stjórn LH ávallt heimilt að uppfæra reglur um íþróttakeppni og almennar reglur um keppni í samræmi við birtar breytingar á alþjóðareglum FEIF.

Reglugerð eða reglur stjórnar LH, sem samþykktar eru af stjórn sambandsins með heimild í gr. 10.4 laga þessara, og innihalda ákvæði sem leggja fjárhagslegar kvaðir á aðildarfélög, skulu ekki taka gildi fyrr en að fengnu samþykki landsþings



Greinargerð

Ef stjórn LH þarf að grípa til ráðstafanna er mikilvægt að þær verði lagðar fyrir næsta þing til samþykktar. Með þessu er auðveldara að halda utan um þær breytingar sem verða á lögum og reglum LH því þá verða allar breytingar skráðar í þinggerð landsþinga. Auðveldara verður að nálgast þær breytingar sem gerðar eru milli þinga. Einnig er þetta ákveðið aðhald á þeim ákvarðanatökum sem verða varðandi breytingar á lögum og reglum sambandsins.

Allsherjarnefnd mælir með því að þessi tillaga sé samþykkt



Móttækið 1. sept.

Þingskjal nr. 3

Flytjandi Hestamannafélagið Geysir

Lagt fyrir _Allsherjarnefnd _____

Tillaga

64. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Borgarnesi 25. og 26. október 2024, samþykkir að gera eftirfarandi breytingu á lögum LH, grein 4.2, mgr 10.

Greinin er:

4.2 Landsþing

Landsþing fer með æðsta vald í málefnum LH.

Landsþing skal haldið annað hvert ár í október- eða nóvembermánuði. Skal boða það á sannanlegan hátt með minnst 8 vikna fyrirvara. Málefni sem sambandsaðilar óska að tekin verði fyrir á þinginu, skulu tilkynnt stjórn LH minnst 4 vikum fyrir þingið. Þá skal stjórn LH tilkynna sambandsaðilum dagskrá þingsins ásamt tillögum og lagabreytingum sem borist hafa í síðasta lagi 2 vikum fyrir þingið.

Þingið sitja fulltrúar frá hestamannafélögum í landinu.

Fulltrúafjöldi fer eftir félagatölu hvers hestamannafélags sem hér segir: Félög með færri en 75 félagsmenn fá einn fulltrúa, félög með 76-150 félagsmenn fá tvo fulltrúa, félög með 151-225 félagsmenn fá þrjá fulltrúa o.s.frv.

Aðeins sá sem er í hestamannafélagi er kjörgengur fulltrúi viðkomandi aðildarfélags á landsþingi LH. Það er jafnframt skilyrði fyrir kjörgengi að viðkomandi hestamannafélag sé í skilum með gjöld til LH.

Stjórn LH skipar kjörnefnd þriggja manna eigi síðar en 8 vikum fyrir landsþing hverju sinni. Kjörnefnd hefur það hlutverk að gera tillögur til landsþings um fulltrúa í sambandsstjórn, endurskoðanda, þingnefndir og formenn þingnefnda.

Kjörnefnd skal gera tillögu til stjórnar LH um skipun kjörbréfanefndar eigi síðar en 2 vikum fyrir landsþing hverju sinni.

Hlutverk kjörbréfanefndar er fyrst og fremst að fylgja eftir gr. 4.3 í lögum LH. Allir þingfulltrúar skulu hafa kjörbréf og hafa fulltrúar atkvæðisrétt samkvæmt kjörbréfum er þingið hefur samþykkt þau. Kjörbréf skulu send til aðildarfélaga þremur (3) vikum fyrir þing og skulu aðildarfélög skila inn kjörbréfum útfylltum til skrifstofu LH viku fyrir þing. Félögum er heimilt að skila kjörbréfum með rafrænum hætti.

Reglur LH um íþróttakeppni (Í) og Almennar reglur um keppni (A) byggja á alþjóðareglum FEIF, sem LH er aðili að. Allar breytingartillögur á reglum LH um íþróttakeppni og Almennum reglum um keppni skulu skoðaðar sem ályktunartillögur til landsþings. Þær ályktunartillögur sem samþykktar eru á landsþingi, skulu bornar upp af fulltrúum LH á næsta reglulega ársþingi FEIF.

Allar breytingartillögur á keppnisreglum skulu berast keppnisnefnd LH og laganefnd LH eigi síðar en 1. september á landsþingsári. Tillögurnar skulu sendar skrifstofu LH sem aftur kemur þeim á viðkomandi nefndir og bókar móttökudag þeirra. Keppnisnefnd og laganefnd skulu fara yfir tillögurnar, kosti þeirra og galla og veita umsögn sína um þær, séu þær þingtækar. Skal sú umsögn fylgja tillögnum inn á landsþing. Við meðferð tillagnanna afla nefndirnar sér þeirra upplýsinga sem þarf, kalla til aðila og veita síðan vandaða umsögn um tillöguna.

Landsþingi skal stýrt eftir almennum þingsköpum.



Landsþing er lögmætt ef löglega hefur verið til þess boðað.

Greinin verður:

4.2 Landsþing

Landsþing fer með æðsta vald í málefnum LH.

Landsþing skal haldið annað hvert ár í október- eða nóvembermánuði. Skal boða það á sannanlegan hátt með minnst 8 vikna fyrirvara. Málefni sem sambandsaðilar óska að tekin verði fyrir á þinginu, skulu tilkynnt stjórn LH minnst 4 vikum fyrir þingið. Þá skal stjórn LH tilkynna sambandsaðilum dagskrá þingsins ásamt tillögum og lagabreytingum sem borist hafa í síðasta lagi 2 vikum fyrir þingið.

Þingið sitja fulltrúar frá hestamannafélögum í landinu.

Fulltrúafjöldi fer eftir félagatölu hvers hestamannafélags sem hér segir: Félög með færri en 75 félagsmenn fá einn fulltrúa, félög með 76-150 félagsmenn fá tvo fulltrúa, félög með 151-225 félagsmenn fá þrjá fulltrúa o.s.frv.

Aðeins sá sem er í hestamannafélagi er kjörgengur fulltrúi viðkomandi aðildarfélags á landsþingi LH. Það er jafnframt skilyrði fyrir kjörgengi að viðkomandi hestamannafélag sé í skilum með gjöld til LH.

Stjórn LH skipar kjörnefnd þriggja manna eigi síðar en 8 vikum fyrir landsþing hverju sinni. Kjörnefnd hefur það hlutverk að gera tillögur til landsþings um fulltrúa í sambandsstjórn, endurskoðanda, þingnefndir og formenn þingnefnda.

Kjörnefnd skal gera tillögu til stjórnar LH um skipun kjörbréfanefndar eigi síðar en 2 vikum fyrir landsþing hverju sinni.

Hlutverk kjörbréfanefndar er fyrst og fremst að fylgja eftir gr. 4.3 í lögum LH.

Allir þingfulltrúar skulu hafa kjörbréf og hafa fulltrúar atkvæðisrétt samkvæmt kjörbréfum er þingið hefur samþykkt þau. Kjörbréf skulu send til aðildarfélaga þremur (3) vikum fyrir þing og skulu aðildarfélög skila inn kjörbréfum útfylltum til skrifstofu LH viku fyrir þing. Félögum er heimilt að skila kjörbréfum með rafrænum hætti.

Reglur LH um íþróttakeppni (Í) og Almennar reglur um keppni (A) byggja á alþjóðareglum FEIF, sem LH er aðili að. Allar breytingartillögur á reglum LH um íþróttakeppni og Almennum reglum um keppni ~~skulu skoðaðar sem ályktunartillögur til landsþings. Þær ályktunartillögur~~ sem samþykktar eru á landsþingi, skulu bornar upp af fulltrúum LH á næsta reglulega ársþingi FEIF.

Allar breytingartillögur á keppnisreglum skulu berast keppnisnefnd LH og laganefnd LH eigi síðar en 1. september á landsþingsári. Tillögurnar skulu sendar skrifstofu LH sem aftur kemur þeim á viðkomandi nefndir og bókar móttökudag þeirra. Keppnisnefnd og laganefnd skulu fara yfir tillögurnar, kosti þeirra og galla og veita umsögn sína um þær, séu þær þingtækar. Skal sú umsögn fylgja tillögunum inn á landsþing. Við meðferð tillagnanna afla nefndirnar sér þeirra upplýsinga sem þarf, kalla til aðila og veita síðan vandaða umsögn um tillögunu.

Landsþingi skal stýrt eftir almennum þingsköpum.

Landsþing er lögmætt ef löglega hefur verið til þess boðað.



Greinargerð

Verið er að taka út orðið ályktunartillögur. Eins og staðan er núna getum við ekki sett neinar íslenskar sérreglur sem gætu hjálpað til miðað við okkar keppnisfyrirkomulag. Einnig getur það flýtt fyrir samþykki hjá FEIF hafi reglan verið notuð hérlendis með góðum árangri.

Allsherjarnefnd leggur til að tillögunni verði hafnað.



Móttækið 27.. sept.

Þingskjal nr. 4

Flytjandi Hestamannafélagið Snæfellingur

Lagt fyrir ___Allsherjarnefnd_____

Tillaga

64. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Borgarnesi 25. og 26. október 2024, samþykkir að gera eftirfarandi breytingu á lögum LH, grein 4.4.

Greinin er:

4.4 Dagskrá landsþings

- Þingsetning
- Kosning þingforseti, varaþingforseti, þingritari og varaþingritari
- Kjör þingnefnda: o Fjárhagsnefnd (fimm menn)
 - o Allsherjarnefnd (fimm menn)
 - o Æskulýðsnefnd (fimm menn)
 - o Keppnisnefnd (fimm menn)
 - o Kynbótanefnd (fimm menn)
 - o Ferða-og umhverfisnefnd (fimm menn)
 - o Aðrar nefndir skv. ákvörðun þingsins.
- Lögð fram skýrsla stjórnar
- Lagðir fram reikningar sambandsins til samþykktar. Skulu reikningarnir settir upp og endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda. Þá skal á landsþingi gerð grein fyrir rekstri fyrstu 8 - 9 mánuði ársins, sem er að líða
- Gjaldkeri leggur fram fjárhagsáætlun til tveggja ára
- Lagðar fram tillögur og mál sem borist hafa og lögð verða fyrir þingið, vísað til þingnefnda
- Þinghlé, þingnefndir starfa
- Þingnefndir skila störfum, umræður um framlögð mál og atkvæðagreiðsla
- Kosning stjórnar, varastjórnar og löggilts endurskoðanda
- Kosning fulltrúa á íþróttaping ÍSÍ, eða borin fram tillaga um að vísa til stjórnar vali á fulltrúum á íþróttaping (með samþykki 4/5 þingfulltrúa)
- Önnur mál
- Þingfundargerð lesin og staðfest, eða þingforseta og riturum falin frágangur hennar
- Þingslit

Greinin verður:

4.4 Dagskrá landsþings

- Þingsetning
- Kosning þingforseti, varaþingforseti, þingritari og varaþingritari
- Kjör þingnefnda: o Fjárhagsnefnd (fimm menn)
 - o Allsherjarnefnd (fimm menn)
 - o Æskulýðsnefnd (fimm menn)
 - o Keppnisnefnd (fimm menn)



- o Kynbótanefnd (fimm menn)
- o Ferða-og umhverfisnefnd (fimm menn)
- o Aðrar nefndir skv. ákvörðun þingsins.

- Lögð fram skýrsla stjórnar
- Lagðir fram reikningar sambandsins til samþykktar. Skulu reikningarnir settir upp og endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda. Þá skal á landsþingi gerð grein fyrir rekstri fyrstu 8 - 9 mánuði ársins, sem er að líða
- Gjaldkeri leggur fram fjárhagsáætlun til tveggja ára
- Lagðir fram til kynningar endurskoðaðir reikningar LM ehf og 8-9 mánaða staða félagsins ársins sem er að líða.
- Lagðir fram til kynningar endurskoðaðir reikningar Skógarhóla og 8-9 mánaða staða félagsins ársins sem er að líða.
- Lagðar fram tillögur og mál sem borist hafa og lögð verða fyrir þingið, vísað til þingnefnda
- Þinghlé, þingnefndir starfa
- Þingnefndir skila störfum, umræður um framlögð mál og atkvæðagreiðsla
- Kosning stjórnar, varastjórnar og löggilts endurskoðanda
- Kosning fulltrúa á íþróttaping ÍSÍ, eða borin fram tillaga um að vísa til stjórnar vali á fulltrúum á íþróttaping (með samþykki 4/5 þingfulltrúa)
- Önnur mál
- Þingfundargerð lesin og staðfest, eða þingforseta og riturum falin frágangur hennar
- Þingslit

Greinargerð

Mjög mikilvægt er að í lögum séu ákvæði um að landsþingsfulltrúar fái upplýsingar um þau félög sem LH á í og rekur að fullu leiti eða að hluta til. Mikil verðmæti liggja í þessum tveim félögum og eru þau farin að velta talsverðum fjárhæðum sem LH hefur til ráðstöfunar. Með þeim áherslubreytingum er varða rekstur landsmótanna hverju sinni hafa tekjur LM ehf aukist verulega. Einnig koma tekjur inná LM með aðgangssölu á myndupptökum af landsmótum og kynbótahrossum. Miklar framkvæmdir voru á Skógarhólum árin 2018-2020 og væntanlega eftir það einnig. Tekjur hafa náð að dekkja kostnað við rekstur Skógarhóla og nauðsynlegt fyrir landsþingsfulltrúa að fá umfjöllun og upplýsingar um stöðu Skógarhóla. Rétt er setja þessa liði inni lögbundna dagskrá þingsins svo ekki fari milli mála hvernig á að gera þessum félögum skil á landsþingum.

Allsherjarnefnd mælir með því að þessi tillaga sé samþykkt



Móttækið 27. sept.

Þingskjal nr. 5

Flytjandi Hestamannafélagið Geysir

Lagt fyrir __Allsherjarnefnd_____

Tillaga

64. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Borgarnesi 25. og 26. október 2024, samþykkir að gera eftirfarandi breytingu á lögum LH, grein 6.2.

Greinin er:

6.2 Stjórnskipaðar nefndir

Á fyrstu stjórnarfundum eftir landsþing skipar stjórnin í eftirfarandi fastanefndir, sem hver skal skipuð a.m.k. þremur mönnum (sjá nánar skipurit og reglugerðir nefnda sem skal vera sýnilegt á heimasíðu LH). Hlutverk nefndanna er að vinna með stjórninni milli þinga að þeim málefnum sem hverri nefnd tilheyrir og jafnframt leyfa umsagnir fagaðila:

- Dómaranefnd
- Keppnisnefnd
- Laganefnd
- Landsliðs- og afreksnefnd
- Mannvirkjanefnd
- Menntanefnd
- Reiðvega- og samgöngunefnd
- Tölvunefnd
- Úrskurðar- og aganefnd
- Æskulýðsnefnd

Aðrar nefndir ef stjórnin telur þörf á. Stjórn LH setur nefndum starfsreglur.

Greinin verður:

6.2 Stjórnskipaðar nefndir

Á fyrstu stjórnarfundum eftir landsþing skipar stjórnin í eftirfarandi fastanefndir, sem hver skal skipuð a.m.k. þremur mönnum (sjá nánar skipurit og reglugerðir nefnda sem skal vera sýnilegt á heimasíðu LH). Hlutverk nefndanna er að vinna með stjórninni milli þinga að þeim málefnum sem hverri nefnd tilheyrir og jafnframt leyfa umsagnir fagaðila:

- Dómaranefnd
- Keppnisnefnd
- Laganefnd
- Landsliðs- og afreksnefnd
- Mannvirkjanefnd
- Menntanefnd
- Reiðvega- og samgöngunefnd
- Tölvunefnd
- Úrskurðar- og aganefnd



- Æskulýðsnefnd

Aðrar nefndir ef stjórnin telur þörf á. Stjórn LH setur nefndum starfsreglur. Fundargerðir allra nefnda skulu birtar á heimasíðu Landssambandsins (www.lhhestar.is) innan við tveimur sólarhringum frá því fundi lýkur.

Greinargerð:

Mikilvægt er fyrir hestamennsku í landinu að geta fylgst með því hvaða umræður eiga sér stað hjá nefndum Landssambandsins. Með því að hafa fundargerðir sýnilegar þá eykur það gagnsæi og gerir öðrum kleift að fylgjast með starfinu.

Breytingatillaga frá Allsherjarnefnd setningin orðist svo: „Samþykktar fundargerðir skulu birtar á heimasíðu LH innan viku frá því að þær eru samþykktar þó eigi síðar en tveimur vikum eftir að fundi líkur“.



Þingskjal nr. 15

Flytjandi stjórn Landssamband hestamannafélaga

Lagt fyrir _Allsherjarnefnd_____

Tillaga

64. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Borgarnesi 25. og 26. október 2024, samþykkir að gera eftirfarandi breytingu reglugerð um dómara í hestaíþróttum

3. Dómarar í hestaíþróttum

3.1 Dómarar

Dómarar sjá um að farið sé eftir reglum, að mót séu haldin í góðum íþrótaanda og að velferð hestsins sé í fyrirrúmi öllum stundum. ~~Til að öðlast dómararéttindi skulu dómarar hafa lokið dómaraprófi og hlotið viðurkenningu stjórnar LH sem gæðingadómari eða íþróttadómari. Íþróttadómarar dæma á íþróttamótum, gæðingadómarar dæma á gæðingamótum.~~

3.2 Dómararéttindi

Dómarar við gæðingakeppni og íþróttakeppni skulu hafa lokið dómaraprófi og hlotið viðurkenningu stjórnar LH sem **dómari í greinum hestaíþróttar gæðinga** ~~eða íþróttadómarar~~.

Til að öðlast og viðhalda dómararéttindum þarf viðkomandi að standast dómarapróf á vegum LH og standast kröfur sem settar eru af Dómaranefnd LH. Dómaranefnd LH gefur út lista yfir virka dómara og birtir á vefsíðu LH ár hvert.

Dómararéttindi eru stigskipt. Íþróttadómarar skiptast í héraðsdómara, landsdómara og alþjóðadómara FEIF. Gæðingadómarar skiptast í félagsdómara og landsdómara. LH ber ábyrgð á menntun, endurmenntun og löggildingu héraðs-, félags, og landsdómara en FEIF ber ábyrgð á menntun, endurmenntun og löggildinu alþjóðadómara.

Réttindi gæðingadómara:

- Félagsdómari hefur rétt til að dæma öll almenn gæðingamót, þó ekki landsmót og fjórðungsmót
- Landsdómari hefur rétt til að dæma á öllum gæðingamótum sem haldin eru af LH eða aðildarfélögum þess

Réttindi íþróttadómara:

- Héraðsdómari hefur rétt til að dæma öll almenn íþróttamót, þó ekki ~~WR-mót~~, Íslandsmót og Landsmót.
- Landsdómari hefur rétt til að dæma á öllum íþróttamótum sem haldin eru af LH eða aðildarfélögum þess.

Réttindi dómara í gæðingalist:

sjá gr. GL3.7 í reglugerð um gæðingalist.



Til að öðlast og viðhalda dómararéttindum þarf viðkomandi að standast dómaraþróf á vegum LH og standast kröfur sem settar eru af Dómaranefnd LH. Dómaranefnd LH gefur út lista yfir virka dómara og birtir á vefsíðu LH ár hvert.

Dómarar, sem án gildrar ástæðu, mæta ekki til starfa og tilkynna ekki forföll, eiga á hættu að missa dómaraaréttindin í allt að sex mánuði. Sama gildir og ef dómari sýnir vítaverða eða óviðeigandi framkomu gagnvart keppendum, starfsmönnum eða áhorfendum. Dómarar skulu tilkynna forföll með a.m.k. 3 sólarhringa fyrirvara til dómarafélaganna. Um alþjóðadómaraaréttindi vísast til gr. G2.2 í reglum FEIF.

3.3 Skipun dómara á mót

Dómaranefnd ber ábyrgð á skipun dómara á mót. Aðildarfélag LH sækja um dómara á lögleg mót til Dómaranefndar LH í síðasta lagi 7 dögum fyrir upphaf móts. Dómaranefnd hefur heimild til að fela Hestaíþróttadómarafélagi Íslands og Gæðingadómarafélagi LH úthlutun dómara á mót.

3.4 Um hæfi dómara

Um hæfi dómara skal farið eftir hæfisreglum stjórnsýslulaga. Um dómara gilda siðareglur LH, FEIF og ÍSí. Dómari má ekki eiga hest í keppni á Íslandsmóti, lands- eða fjórðungsmóti, í þeim flokki sem hann dæmir.

Greinargerð

Breytingartillaga þessi er lögð fram í þeim tilgangi að skerpa á orðalagi og laga uppsetningu. Í reglugerðinni var ekki kveðið á um dómara í gæðingalist og því er lagt til að orðalagi verði breytt í þá átt að tala almennt um dómara í hestaíþróttum óháð því hvaða grein þeir hafa réttindi til að dæma.

Útskýring við einstaka greinar:

Breyting við 3.1 Dómarar: Málsgreinin falli brott, nánar er fjallað um réttindi dómara í gr. 3.2

Breyting við 3.2 Dómaraaréttindi: 1. mgr. Lagt er til að í stað gæðinga- eða íþróttadómara sé talað um dómara í greinum hestaíþróttar og þannig eru dómara í gæðingalist meðtaldir.

2. mgr. (blátt letur) málsgreinin var neðar í sama kafla – fært upp. Bætt við setningu um hvar er að finna skilgreiningu á réttindum dómara í gæðingalist.

Um réttindi héraðsdómara: Samræming á FEIF-reglu um hvaða réttindi dómara þurfa að hafa til að dæmar WR-mót. FEIF gerir ekki kröfur um að allir dómara á WR-mótum séu með landsdómara- eða alþjóðaréttindi.

Allsherjarnefnd mælir með því að þessi tillaga sé samþykkt



Móttækið 27. sept.
Uppfært skjal birt 24. október – umsógn keppnisnefndar LH

Þingskjal nr. 17

Flytjandi Hestamannafélagið Fákur

Lagt fyrir Allsherjarnefnd

Tillaga

64. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Borgarnesi 25. og 26. október 2024, samþykkir að gera eftirfarandi breytingu á reglugerð um Mótahald á Íslandi gr. 5.6.

Greinin er:

5.6 Aðstæður til skeiðkappreiða

Aðstæður til skeiðkappreiða skulu vera viðunandi og þannig sett upp að slyshætta sé í algjöru lágmarki. Startbásar skulu vera eins hljóðlátir eins og unnt er og byggðir upp á þann hátt að öryggi hests og knapa sé í fyrirrúmi. Fyrir skeið með fljúgandi starti skal aðdragandi skeiðkaflans vera nægilega langur og vel afmarkaður eins og skeiðkaflinn sjálfur. Niðurhægingarkaflinn eftir að skeiðkafla lýkur skal vera afmarkaður að lágmarki 70 m. og í framhaldi flóttaleið sem sé því sem næst bein eða í aflíðandi línu, leiðin sé greiðfær og undirlag stöðugt. Mótsstjóri, yfirdómari og fulltrúi knapa skulu yfirfara og samþykkja að aðstæður til skeiðkappreiða séu viðunandi. Fulltrúi knapa hefur meira vægi en mótsstjóri og yfirdómari telji hann aðstæður ekki viðunandi.

Greinin verður:

5.6 Aðstæður til skeiðkappreiða

Aðstæður til skeiðkappreiða skulu vera viðunandi og þannig sett upp að slyshætta sé í algjöru lágmarki. Startbásar skulu vera eins hljóðlátir eins og unnt er og byggðir upp á þann hátt að öryggi hests og knapa sé í fyrirrúmi. Fyrir skeið með fljúgandi starti skal aðdragandi skeiðkaflans vera nægilega langur og vel afmarkaður eins og skeiðkaflinn sjálfur. Niðurhægingarkaflinn eftir að skeiðkafla lýkur skal vera afmarkaður að lágmarki 70 m. og í framhaldi flóttaleið sem sé því sem næst bein eða í aflíðandi línu, leiðin sé greiðfær og undirlag stöðugt. Mótsstjóri, yfirdómari og fulltrúi knapa skulu yfirfara og samþykkja að aðstæður til skeiðkappreiða séu viðunandi. Fulltrúi knapa hefur meira vægi en mótsstjóri og yfirdómari telji hann aðstæður ekki viðunandi.

Skeiðkappreiðabrautir skulu vera eftirfarandi:

- Merkingar á skeiðbraut skulu vera skilmerkilegar og þannig úr garði gerðar að veður og vindar geti ekki hróflað við þeim.
- Skila skal inn mælingu skeiðkappreiðabrautar, lengd og halla brautar, til skrifstofu LH frá viðurkenndum verkfræðingi eða verkfræðistofu.
- Mælingar gilda til 2 ára.



Greinargerð

Hmf. Fákur gerir þá tillögu fyrir Landsþing að gerð verði sú krafa að aðilarfélög sem ætla að halda löglegar skeiðkappreiðar sem gilda inn á stöðulista gangist undir eftirfarandi staðla.

- Að merkingar á skeiðbraut séu skilmerkilegar og þannig úr garði gerðar að veður og vindar geti ekki hróflað við þeim.
- Aðildarfélög skili inn mælingu, lengd og halla brautar, til skrifstofu LH frá viðurkenndum verkfræðingi eða verkfræðistofu.
- Mælingar gildi til 2 ára.

Í skeiðkappreiðum geta rangar merkingar á braut haft mikil áhrif á tíma og svo ekki sé talað um verði met. Gera verði þá kröfu til aðildarfélaga að kappreiðabrautir séu mældar á tveggja ára fresti og mælingum skilað til skrifstofu LH. Þá er þetta einnig til hagsbóta fyrir keppendur að þeir viti með vissu hvort um löglega grein er að ræða eða ekki.

Umsögn keppnisnefndar LH

Keppnisnefnd mælir með að tillögunni verði vísað til sportnefndar FEIF.

Allsherjarnefnd samþykkir að fylgja tillögu keppnisnefndar og vísa tillögunni til sportnefndar FEIF.



Þingskjal nr. 18

Flytjandi Stjórn LH

Lagt fyrir Allsherjarnefnd

Tillaga

64. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Borgarnesi 25. og 26. október 2024, samþykkir að gera eftirfarandi breytingu á reglugerð um Mótahald á Íslandi, íslenskar sérreglur um keppni. Við reglugerðina bætist ný grein sem verður gr. 5.7 og hljóðar svo:

5.7 Viðbrögð við slysum og óhöppum á mótssvæði

Mótshöldurum ber að framfylgja viðbragðsáætlun Landssambands hestamannafélaga.

Viðbragðsáætlun tekur til hverskyns slysa eða óhappa sem gerast á meðan á móti stendur.

Mótsstjórn skipar öryggisfulltrúa sem hefur yfirumsjón með atvikum sem upp koma og skal mótstjórn og/eða yfirdómari tilkynna öryggisfulltrúa um slys og óhöpp.

Sjá fylgiskjal: Viðbragðsáætlun fyrir mótahald Landssambands hestamannafélaga

Greinargerð:

Lagt er til að í öllu mótahaldi á vegum LH sé í gildi viðbragðsáætlun vegna slysa og óhappa.

Viðbragðsáætlun er ætlað að skýra ábyrgð mótshaldara að bregðast við slysum og óhöppum sem verða á mótum, og að rétt sé staðið að málum.

Dæmi eru um að alvarleg fallslys hafi orðið á móti þar sem ekki var brugðist rétt við og kallaðir til viðbragðsaðilar en slíkt getur haft alvarlegar afleiðingar í för með sér.

Allsherjarnefnd mælir með því að þessi tillaga sé samþykkt



Fylgiskjal: Viðbragðsáætlun

Viðbragðsáætlun

fyrir mótahald Landssambands hestamannafélaga

Viðbragðsáætlun tekur til hverskyns slysa eða óhappa sem gerast á meðan á móti stendur.

Mótsstjórn skipar öryggisfulltrúa sem hefur yfirumsjón með atvikum sem upp koma og skal mótsstjórn og/eða yfirdómari tilkynna öryggisfulltrúa um slys og óhöpp.

Öryggisfulltrúi leiðbeinir um frekara viðbragð eftir alvarleika atviks.



Hafa skal í huga háorkuslys og undantekningalaust skal hringja í **112** sé grunur um háorkuáverka.

Dæmi um háorkuáverka eru:

Fall úr 3 metra hæð, börn og fullorðnir

Ekið á gangandi vegfaranda með marktæku höggi

Fall af hestbaki með marktæku höggi



Uppfært skjal birt 16. okt. – umsögn Keppnisnefndar LH

Þingskjal nr. 23

Flytjandi stjórn LH

Lagt fyrir _____

Tillaga

64. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Borgarnesi 25. og 26. október 2024, samþykkir að gera eftirfarandi breytingu á reglugerð um Landsmót og fjórðungsmót gr. 5, mgr. 1 og við reglugerð um Mótahald á Íslandi, gr. 2 þátttöku- og keppendareglur.

- a. Breytingartillaga við reglugerð um Landsmót og fjórðungsmót

Greinin er:

5. Val hrossa og keppenda á Landsmót og fjórðungsmót

1. mgr.

Þátttökurétt á lands- og fjórðungsmóti hafa félagsmenn sem skráðir eru í félagatali hestamannafélaga við starfsskýrsluskil þann 15. apríl ár hvert.

Greinin verður:

5. Val hrossa og keppenda á Landsmót og fjórðungsmót

1. mgr.

~~Þátttökurétt á lands- og fjórðungsmóti hafa félagsmenn sem skráðir eru í félagatali hestamannafélaga við starfsskýrsluskil þann 15. apríl ár hvert.~~

Þátttakendafjöldi á lands- og fjórðungsmóti miðast við fjölda félagsmanna sem skráðir eru í félagatali hestamannafélaga þann 15. apríl ár hvert.

- b. Breytingartillaga við reglugerð um mótahald á Íslandi

Greinin er:

2. Þátttöku- og keppendareglur

Aðeins félagsmönnum hestamannafélaga er heimil þátttaka í opinberum mótum innan vébanda LH. Keppnisrétt öðlast íþróttamenn er þeir hafa verið skráðir á félagaskrá hlutaðeigandi hestamannafélags.

Keppandi getur aðeins tekið þátt í íþróttamóti/gæðingakeppni í nafni eins félags á sama keppnistímabili.

Erlendum ríkisborgurum er heimil þátttaka í opinberum mótum innan vébanda LH öðrum en millilanda-keppni, að uppfylltu eftirfarandi skilyrði:

Keppandi sé löglegur félagi í hestamannafélagi og uppfylli ákvæði um keppnisrétt sbr. 1. mgr.

Erlendur ríkisborgari getur aldrei verið titlaður Íslandsmeistari, þótt hann sigri grein á Íslandsmóti og skal þá Íslandsmeistari krýndur sá íslenskur ríkisborgari sem er í næsta sæti við erlenda ríkisborgarann.



Taki keppandi þátt í móti, þar sem ákvæðum þátttöku- og keppendareglna er ekki fylgt, varðar það missi titils og verðlauna.

Greinin verður:

2. Þátttöku- og keppendareglur

Aðeins félagsmönnum hestamannafélaga er heimil þátttaka í opinberum mótum innan vébanda LH. Keppnisrétt öðlast íþróttamenn er þeir hafa verið skráðir á félagaskrá hlutaðeigandi hestamannafélags.

Keppandi getur aðeins tekið þátt í **löglegu** íþróttamóti/gæðingakeppni í nafni eins félags á sama keppnis-tímabili.

Erlendum ríkisborgurum er heimil þátttaka í opinberum mótum innan vébanda LH öðrum en millilanda-keppni, að uppfylltu eftirfarandi skilyrði:

Keppandi sé löglegur félagi í hestamannafélagi og uppfylli ákvæði um keppnisrétt sbr. 1. mgr.

Erlundur ríkisborgari getur aldrei verið titlaður Íslandsmeistari, þótt hann sigri grein á Íslandsmóti og skal þá Íslandsmeistari krýndur sá íslenskur ríkisborgari sem er í næsta sæti við erlenda ríkisborgarann.

Taki keppandi þátt í móti, þar sem ákvæðum þátttöku- og keppendareglna er ekki fylgt, varðar það missi titils og verðlauna.

Greinargerð:

Gerð er tillaga um breytingu á annars vegar reglu um þátttakendur á landsmóti og hins vegar um þátttöku- og keppnisrétt er varðar félagsaðild. Ósamræmi er á milli þessarra tveggja greina og stangast þær á að því leiti, að þátttöku- og keppendareglur segja að aðeins megi keppa fyrir eitt félag á hverju keppnistímabili en í landsmótsreglugerð segir að þátttökurétt á landsmóti hafi allir sem skráðir eru í félagatal félags þann 15. apríl. Með breytingunni er verið að leitast við að koma í veg fyrir mistök við skráningu og misskilning sem ítrekað hefur komið upp.

Málgreinin í landsmótsreglugerðinni hefur einungis þann tilgang að skýra fjölda hrossa/keppenda á Landsmóti hverju sinni.

Orðið „starfsskýrsluskil“ er tekið úr reglugerðinni og eingöngu miðað við félagatal þann 15. apríl.

Orðið „löglegu“ er sett inn í þátttökureglur til að taka af allan vafa um í hvaða mótum má taka þátt óháð félagsaðild en það eru þau mót sem skráð eru ólögleg í Sportfeng. Öll mót geta verið skráð lögleg eða ólögleg hvort sem um innanhúss- eða utanhússmót er að ræða, og er sú skráning alfarið á ábyrgð mótshaldara, sem metur aðstæður móts hverju sinni.

Keppnisnefnd LH mælir með samþykkt tillögunnar.

Allsherjarnefnd mælir með því að þessi tillaga sé samþykkt



Móttækið 27. sept.

Þingskjal nr. 26

Flytjandi Hestamannafélagið Snæfellingur

Lagt fyrir _____

Tillaga

64. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Borgarnesi 25. og 26. október 2024, samþykkir eftirfarandi áskorun til stjórnar LH.

Við hvetjum/skorum á stjórn LH til að beita sér fyrir því að stjórn LM leggi áherslu á að haldið verði áfram með að safna upptökum frá landsmótum inná WF. Einnig verði keyptar upptökur af t.d. 20-30 efstu kynbótahrossanna í hverjum flokki, þau ár sem ekki eru landsmótsár.

Greinargerð

Worldfengur er einstakur gagnagrunnur á heimsvísu og mjög mikilvægur fyrir Íslandshestamennskuna í heiminum. Grunnurinn geymir sögu þróunar íslenska hestsins og upptökur frá mismunandi tímum sýnir einnig þróun reiðmennsku og mótahalds.

Landsmót ehf hefur lagt talsverða fjármuni í kaup á gögnum sem geyma sögu og þróun hestsins. Ánægjulegt væri að sjá fleiri eldri kynbótahesta sem teknir voru upp inná WF.

Mörkuð verði stefna í þessum málum og kannað með að kaupa upptökur úrvalshrossa sem sýnd eru á erlendri grund og bætt við gagnagrunninn enda er WF alþjóðlegur gagnagrunnur sem rekinn er í samstarfið við aðildafélög alþjóðarsamtök íslenska hestsins.

Allsherjarnefnd mælir með því að þessi tillaga sé samþykkt



Mótttekið 27. sept.

Pingskjal nr. 27

Flytjandi Hestamannafélögin Sörli, Hörður og Sóti

Lagt fyrir _____

Tillaga

64. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Borgarnesi 25. og 26. október 2024, felur stjórn landsambandsins að hefja þegar í stað vinnu við eftirfarandi:

1. Reglugerð um Íslandsmót innanhúss – mótaröð.
2. Gerð reglna sem hafa það að markmiði að búa til staðla utan um löglega keppni innanhúss, fyrir húsnæði, aðstöðu og annað slíkt þannig að til verði reglur sem fela það í sér að mót innanhúss, þar sem slíkir staðlar og reglur eru uppfylltar, skráist sem „löleg“ mót.

Vinnu við lið 1 og 2 skal lokið fyrir formannafund árið 2025 og hún kynnt þar til samþykktar eða til kynningar til að hægt sé að hefja keppni eftir nýjum reglum sem fyrst. Reglurnar verði síðan reyndar og prófaðar og lokaniðurstaðan endanlega samþykktar á landsþingi LH 2026.

Greinargerð:

Um lið 1 hér að ofan. Íslandsmót innanhúss – mótaröð.

Gríðarleg þróun hefur verið í keppni og mótahaldi á Íslandi á undanförunum 20 árum eða svo. Þróunin hefur verið sú að keppni á mótum innanhúss hefur vaxið mikið með tilkomu reiðhalla og má nánast tala um sprengingu í mótahaldi. Einnig hefur mótum sem haldin eru yfir sumartímenn fjölgað mikið.

Mesta breytingin eru þó innanhúsmótin, sem þekktust lítt eða ekkert fyrir um 20 árum síðan og mótaraðir sem haldnar eru yfir allan veturinn. Segja má að upphaf þessa megi rekja til þess að í kjölfar sérstaks stuðnings íslenska ríkisins til uppbyggingu reiðhalla á landsbyggðinni, sem úthlutað var árið 2006-2007, og í kjölfarið byggingu reiðhalla víða um land, þá hafi opnast nýir möguleikar í íslenski hestamennsku. Í kjölfar stuðnings ríkisins voru byggðar reiðhallir á Akureyri, Borgarnesi, Fljótsdalshéraði, Grundarfirði og Hornafirði, auk þeirra halla sem þá voru til fyrir á landinu í Hafnarfirði, Kópavogi, Garðabæ og Reykjavík. Síðar hafa svo risið enn fleiri reiðhallir víða um land. Almennt er nú viðurkennt að þjálfun og reiðmennska innanhúss er stór hluti hestamennsku yfir vetrartímenn og keppni innanhúss eðlilegur hluti þessa.

Með tilkomu fleiri reiðhalla utan höfuðborgarsvæðisins, stærri húsa en áður þekktust, mynduðust möguleikar til þess að halda keppni og sýningar innanhúss á fleiri stöðum, en bara á höfuðborgarsvæðinu. Stöðug aukning hefur síðan verið í keppnishaldi til dagsins í dag. Vetrartímenn hefur nú sýnt sig vera afar vinsæll tími til keppni, þegar flestir hestamenn eru með hesta sína á húsi.

Fjöldi mótaraða, einstakra keppna og keppnisdeilda hefur litið dagsins ljós. Gróskan er gríðarleg og þróunin einstaklega áhugaverð. Að mestu hefur mótahaldið verið sjálfsprottið, einstaklingsframtak, framtak einstakra félaga eða hópa sem haldið hafa uppi miklu og góðu frumkvöðlastarfi. Frumkvæðið hefur ekki verið hjá Landssambandi hestamannafélaga.



Barnsskónum er slitið í þróun innanhússmóta. Framhald þessarar þróunar er að mati flutningsaðila, að skapa reglur um mótarið sem leiði til krýningar Íslandsmeistara innanhúss. Keppni, sem haldin sé á vegum hestamannafélaganna sjálfra í einhverri mynd, þar sem keppt verði á hæsta stigi á hverju aldursbili. Til þess að svo megi verða, þarf viðeigandi regluverk á vegum LH.

Sjá má fyrir sér hversu mikil lyftistöng það væri fyrir hestamannafélögin og innra starf þeirra ef slík mótarið kæmi til. Hestamannafélög gætu byggt upp keppnisið og styrkt félagsandann og samheldni innan félagsins, í stað þess að þeirra fremstu keppnisknappar séu við keppni vilt og breytt í hinum og þessum deildum. Bakland félaganna gæti líka nýst knöpum vel og stuðningur heildarinnar. Fjármögnunarmöguleikar aukast, styrktaraðilar og stuðningur sem félögin fara að mestu á mis við í dag. Svo eitthvað sé nefnt. Með þessu væri þróun mótahalds hestamanna í takt við allar aðrar íþróttir, þar sem lið og einstaklingar keppa fyrir sitt íþróttafélag.

Að mati flutningsaðila er það einungis tímaspursmál hvenær deildarskipt mótarið á vegum hestamannafélaga landsins lítur dagsins ljós og er það eðlilegur þáttur í þeirri gerjun og þróun sem verið hefur á keppni innanhúss undanfarna tvo áratugi.

Um lið 2 hér að ofan. Gerð reglna sem hafa það að markmiði að búa til staðla utan um löglega keppni innanhúss, fyrir húsnæði, aðstöðu og annað slíkt þannig að til verði reglur sem fela það í sér að mót innanhúss, þar sem slíkir staðlar og reglur eru uppfylltar, skráist sem „löleg“ mót.

Að mati flutningsaðila tillögunnar er einsýnt að ákveðna lágmarksstaðla þarf að uppfylla til að keppni á hæsta stigi sé löleg innanhúss. Hér er horft til lágmarksstærðar húsnæðis, lengdar og breiddar keppnisvallar og slíks. Flestar íþróttir þar sem keppt er bæði innan- og utanhúss, svo sem frjalsar íþróttir o.fl. hafa mismunandi staðla utan- og innanhúss, mismunandi keppnisvegalengdir og kröfur. Óþarft er og óraunhæft að flytja keppni sem miðuð er við keppni utanhúss, inn og hafa sömu viðmið um vallarstærðir. Ef slíkt væri gert væri ekkert hús á Íslandi lölegt. Ólíklegt er að mörg hús í slíkri stærð verði byggð. Eitt hús er hugsanlegt á næstu 20 árum. Ef keppni innanhúss á að ná að þróast er nauðsynlegt og eðlilegt að taka tillit til þess að það gilda einfaldlega ekki sömu lögmál innanhúss og utanhúss eins og viðurkennt er í flestum íþróttagreinum. Keppnin þarf einfaldlega að aðlaga sig að aðstæðum. Þau hús sem ekki uppfylla staðla verða áfram notuð í innanhússkeppni, en þá ekki undir „löleg“ mót á hæsta stigi.

Að mati flutningsaðila þarf ekki flóknar lágmarkskröfur eða ítarlegar hvað varðar aðstöðu, en þó ákveðnar kröfur, en fyrst og fremst vilja til að skilgreina kröfurnar og skjalfesta þær.

Almennt. Flutningsaðilar telja að það væri mikið framfaraspor að hefja keppni til Íslandsmeistaratitils á sérstakri mótarið, þar sem reglurnar hafa verið settar af Landssambandi hestamannafélaga, en félögin sjálf annast síðan skipulag keppinnar á þeim grunni sem LH hefur markað. Knappar hljóta að horfa til þess að vilja keppa um Íslandsmeistaratitil innanhúss á sérstakri mótarið þar sem árangur þeirra þar telji t.d. inn þegar val á knöpum ársins er metið.

Allsherjarnefnd mælir með því að þessi tillaga sé samþykkt



Þingskjal nr. 30

Flytjandi Hestamannafélagið Geysir

Lagt fyrir Allsherjarnefnd _____

Tillaga

64. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Borgarnesi 25. og 26. október 2024, samþykkir að Landssambandið sé einn af þeim stóru aðilum sem koma að verkefninu Horses of Iceland.

Greinargerð:

Horses of Iceland er eitt stærsta verkefni sem hefur unnið að markaðssetningu Íslenska hestinn á heimsvísu. Þetta er gríðarlega öflugt verkfæri okkar í samkeppni við önnur hestakyn í heiminum. Verkefnið er orðið það stórt og viðamikilið að ekki má slá slöku við heldur frekar að bæta í. Þarna eiga að vera allar grunnupplýsingar um íslenska hestinn og saga hans og eiginleikar. Með þessu getum við staðið á bak við þá fjölbreyttu starfsemi sem er í kringum íslenska hestinn, allt frá útreiðum og félagsskap til keppni á heimsmælikvarða.

Allsherjarnefnd mælir með því að þessi tillaga sé samþykkt



Móttakið 27. sept.

Þingskjal nr. 32

Flytjandi Hestamannafélagið Geysir

Lagt fyrir Allsherjarnefnd

Breytingartillaga frá Allsherjarnefnd við þingskjal 32.

Lagt er til að stjórn LH í samvinnu við dómarafélögin setji saman spurningarlista er varðar fyrirkomulag úthlutun dómara. Spurningarlistinn miði að því að kanna hjá félögunum hvernig þeim líkar það fyrirkomulag sem verið hefur á úthlutun dómara. Svör félaganna verði svo nýtt hjá stjórn LH og dómarafélögunum til að móta og bæta fyrirkomulag úthlutun dómara til hagsbóta fyrir hestamannafélögin.

Tillaga

64. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Borgarnesi 25. og 26. október 2024, samþykkir að úthlutun dómara fari aftur til dómarafélaganna.

Greinargerð:

Eins og staðan er núna þá fer úthlutun fram úr frá skrifstofu LH og getur oft verið erfitt fyrir mótshaldara að fá úthlutun seint. Sérstaklega þegar ferðakostnaður og gisting dómara er á hestamannafélögunum. Það getur verið erfitt að finna gistingu og flug t.d með stuttum fyrirvara.



Móttækið 27. sept.

Þingskjal nr. 33

Flytjandi Hestamannafélagið Geysir

Lagt fyrir Allsherjarnefnd _____

Tillaga

64. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Borgarnesi 25. og 26. október 2024, samþykkir að stjórn sendi áskorun til dómarafélaganna varðandi það að aukinnar nærgætni sé gætt þegar áverkaskoðun á sér stað og að **foreldrar** verða kallaðir til þegar dæma þarf börn úr leik vegna áverka.

Greinargerð:

Komið hafa upp atvik þar sem upplifun knapa af tilkynningum frá dómara þegar dæmt er úr leik sé ekki nægilega faglega framkvæmd. Mikilvægt er að sýna nærgætni í allri orðræðu í og við keppnisvöll.

Allsherjarnefnd mælir með samþykkt tillögunnar með eftirfarandi breytingatillögu að í stað foreldra standi foreldri/forráðamenn



Móttækið 27. sept.

Þingskjal nr. 37

Flytjandi Örn Karlsson

Lagt fyrir _____

Tillaga

64. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Borgarnesi 25. og 26. október 2024, ítrekar samþykkt sína frá landsþingi 2018 um að stjórn LH skipi starfshóp til að vinna að því að gera gæðingafimi að fullgildri keppnisgrein í lögum og reglum sambandsins. Keppt verði í gæðingafimi til prufu og kynningar á 25 ára afmæli keppnisgreinarinnar vorið 2025.

Greinargerð:

Gæðingafimi var hönnuð fyrir íslenska gæðinginn um síðustu aldamót. Gæðingafimi er gæðingaíþrótt í þeim skilningi að í öllum aldurs og getuflokkum mega keppendur spila á öll gæði íslenska gæðingsins eins og þeim er mögulegt og best hentar til að ná hæsta mögulega skori eftir dómsviðmiðum keppnisgreinarinnar.

Reglunefnd LH sem fékk það verkefni að innleiða gæðingafimina í kjölfar samþykktar Landsþings LH 2018 misskildi verkefni sitt og bjó til nýja stigskipta keppnisgrein sem á lítið skylt við gæðingafimi. Fékk hin nýja keppnisgrein nafnið gæðingalist. Þeirri ranghugmynd var haldið að landsþingum LH að stigskipting væri forsenda fyrir því að allir aldurs- og getuhópar gætu tekið þátt í gæðingafimi. Stigskiptingin og fleiri atriði svo sem fyrirfram ákvarðaðar æfingaáætlanir gera gæðingalist að bákni sem þyngir mót og utanumhald fyrir mótshaldara. Gæðingalist er ennfremur óskilvirk og óskýr því matskvarðar íþróttakeppninnar hafa verið bjagaðir stórkostlega. Samanburður á einkunnum milli stiga er að auki ómögulegur.

Gæðingafimi á hinn bóginn er rétt eins og aðrar gæðingaíþróttir með líkan eða sama ramma fyrir alla aldurshópa. Gæðingafimin byggir á einföldum matsramma hvar ómengaðir kvarðar íþróttakeppninnar og fimikeppninnar liggja til grundvallar ásamt tveimur nýjum matshugtökum flæði og fjölhæfni.

Þjálfunarpírámídi Hólaskóla er sýndur á Mynd 1. Gæðingalist hamlar keppendum eftir stigum eins og myndin sýnir (sjá skýringar hægra megin við píramíðann). Gæðingafimi á hinn bóginn leyfir öllum aldurs og getuhópum að spreyta sig á öllum kostaskalanum (sjá skýringar vinstra megin, allt sviðið sem „Gæðingur „, spannar). Við sjáum þess merki á íþróttamótum barna og í gæðingakeppnum barna að íslenski gæðingurinn er spilandi í höndum þeirra og oft er auðveldasta sýningaratriðið einmitt yfirferð á töltili eða brokki, sem er efsta þrep þjálfunarpírámíðans.


Með þessari tillögu er ekki verið að leggja til að gæðingalist verði afnumin heldur einungis að staðið verði við samþykkt landsþings 2018 um innleiðingu gæðingafiminnar í regluverk LH. Sá veruleiki blasir við að reglunefndin og stjórn LH með framgöngu sinni hafa eyðilagt tilvist gæðingafiminnar (a.m.k. tímabundið) þvert á áform landsþings LH frá árinu 2018. Þar með hafa glatast menningarverðmæti, því gæðingafimin spratt úr ófrjóum jarðvegi í upphafi þegar ekkert fimitengt þreifst í keppnishaldi á íslenskum hestum. Gæðingafimin átti svið fimikeppninnar í um 20 ár og ákvað Landsþing LH að innleiða hana í keppnisflóru sína einmitt af því að hún naut sívaxandi vinsælda, bæði meðal áhorfenda og knapa. Eini aðillinn sem getur gripið inn í og leiðrétt eyðileggingarferlið er landsþingið sjálft.

Vegna ákvæða í reglum LH um að tillögur til landsþings er varða keppnisgreinar skuli berast LH fyrir 1. september á landsþingsári svo keppnisnefnd og stjórn hafi svigrúm til að fara yfir og meta þær, er rétt að



taka fram að tillaga þessa sama efnis var send bæði keppnisnefnd LH og stjórn LH í upphafi þessa árs. Byggt á neikvæðu svari formanns keppnisnefndar til erindisins ákvað stjórn LH hins vegar að gera ekkert í málinu. En svo ber við að formaður keppnisnefndar og fleiri í keppnisnefnd voru einmitt í reglunefnd LH um innleiðingu gæðingafiminnar. Eðlileg hæfissjóarmið stjórnsýslunnar eru augljóslega að engu höfð hér. Af þeim sökum er einnig rétt að landsþingið sjálf tiki málið upp.

Mynd 1



Allsherjarnefnd mælir gegn því að þessi tillaga sé samþykkt



Móttakið 27. sept.

Pingskjal nr. 38

Flytjandi Örn Karlsson

Lagt fyrir _Allsherjarnefnd _____

Tillaga

64. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Borgarnesi 25. og 26. október 2024, samþykkir að stofnaður verði starfshópur innan LH sem skili tillögum fyrir 65. landsþing LH um;

A skilgreiningu á hugtakinu „gæðingur“

B hvernig megi nota hugtakið „gæðingur“ innan starfsviðs LH og

C hvaða skilyrði keppnisgreinar þurfi að uppfylla til að mega tengjast gæðingahugtakinu. Þ.e. hvaða skilyrði keppnisgreinar þurfi að uppfylla til að teljast til gæðingaíprótta og mega nota forskeytið „gæðinga-“ í nafni sínu.

Greinargerð:

Tímabært er að Landsþing LH skerpi línur um það hvernig hugtakið „gæðingur“ er notað, hvaða skilyrði keppnisgreinar þurfa að uppfylla til að teljast til gæðingaíprótta og hvaða skilyrði keppnisgreinar þurfi að uppfylla til að mega nota forskeytið „gæðinga-“ í nafni sínu.

Þetta er aðkallandi því það blasir við flutningsaðilum að í höndum LH hafi misfarist með tvær keppnisgreinar sem kenndar eru við íslenska gæðinginn þannig að hvorug þeirra getur talist til gæðingaíprótta.

Óformleg könnun meðal hestamanna leiðir í ljós að hugtakið gæðingur getur haft tvær merkingar.

Lauslega samandregnar þessar:

Gæðingur er sá hestur sem fellur vel að sínu hlutverki og hentar notandanum. Gæðingur er hestur sem veitir eiganda sínum ánægju og gleði.

Undir þessari forsendu og merkingu er augljóslega ekki hægt að keppa í gæðingaípróttum og því eru hestamenn einnig með á takteinum aðra merkingu sem betur má vikta í dómstörf gæðingaíprótta.

Gæðingur er hestur sem hefur að minnsta kosti tölt, en er jafnvel meiri gæðingur ef hann er vakur líka. Eignleikar eins og jákvæð og traust skaphöfn, fúsleiki, fjörleiki, jafnvægi á gangtegundum, rými, léttleiki á tauma, stefnufesta, mýkt og fjaðurmagn lyfta gæðingi að metum undir þessari merkingu orðsins.

Það er mat málshefjenda að gæta þurfi að málnotkun þannig að sérstaða íslenska hestsins og hugtakið gæðingur útvatnist ekki.

Eina elstu lýsingu á hugtakinu „gæðingur“ má finna í Klausturpóstinum frá 1825 á bls. 125.

Textinn ber með sér þá almennu lýsingu á íslenska hestinum á síðmiðöldum, að hann hafi verið bæði smár og ófrýnilegur svo mjög að fáir vildu á honum á baki birtast eða beita honum fyrir vagn... „en einstakir... birtast á vorum gæðingum, hverra þýðgangur er á útlendum hestum mjög svo fágætur.“ „Þá (útlendu hestana) skortir og þann lipurleika sem vorir gæðingar hafa til að bera, en sem í voru landi er svo ómissandi á misjöfnum og flungur vegum, einstígum um fjöll og hraun...“

Af þessum texta má merkja að gæðingur hafi verið hestur sem bar af fjöldanum fyrir þýðgengi og lipurleika? Að um sé að ræða mjög góðan reiðhest, að minnsta kosti töltengan? Íslenski gæðingurinn er í þessum texta tengdur við frábæra reiðhestskosti sem lítt finnast í útlendum hestum. Að það sé til marks um íslenskan gæðing að hann hafi sérstöðu um kosti sína, þegar hann er borinn saman við útlend hestakyn.

Þetta telja málshefjendur að þurfi að varðveita, þ.e. tengingu hugtaksins „gæðingur“ við sérstaka eðliskosti íslenska hestsins, sem finnast lítt í erlendum hestakynjum. Að „gæðingur“ sé stimpill á eðliskosti eins og þeir gerast bestir í íslenska hrossastofninum.

Mynd 1



Á Mynd 1 er svokallaður þjálfunarpíramídi Hólaskóla. Hestur verður vart gæðingur í keppnismerkingunni fyrir en hann nær tókum á öllum þáttum þjálfunarpíramídans. (Sjá skýringar á vinstri væng píramídans). Það liggur þá í hlutarins eðli að gæðingaíþróttir eru ekki bundnar við hluta þjálfunarpíramídans. Gæðingaíþróttir spila á allan kostaskalann. Gæðingaíþróttir sem uppfylla þetta skilyrði eru keppnisgreinar eins og til dæmis A flokkur gæðinga, B flokkur gæðinga, tölkeppni, fjórgangur og fimmgangur.

Keppnisgreinar sem ekki uppfylla þessa lauslegu skilgreiningu á gæðingaíþróttum eru til að mynda að mati málshefjenda gæðingaskeið og gæðingalist jafnvel þótt orðið gæðingur sé hluti nafna keppnisgreinanna. Þessar keppnisgreinar vegna nafna sinna eru afvegaleiðandi um hugtakið „gæðingur“ og senda villuljós um íslenska gæðinginn.

Þar sem hugtakið „gæðingur“ er orðið alþjóðlegt í heimi íslenska hestsins er löngu tímabært að Landsþing LH skerpi línur um notkun hugtaksins.

Gæðingaskeið

Gæðingaskeið var hannað fyrir íslenska gæðinginn en var síðar umbreytt af hálfu LH í keppnisgrein sem ekki uppfyllir ofan nefndar forsendur gæðingaíþróttar.

Þær breytingar voru gerðar að hestum sem ekki geta talist til gæðinga þegar kemur að keppniskeppningunni gafst kostur á að taka þátt í gæðingaskeiði og sigra jafnvel bestu gæðingana vegna furðulegra reglna. Gæðingaskeið hætti þannig að vera keppni gæðinga og varð keppni allrar flóru hesta sem mögulega geta skeiðað, fetað og bremsað snögglega! Allnokkur hestakyn erlend geta skeiðað, fetað og bremsað. Gæðingaskeið hefur því enga sérstöðu sem vísar til íslenska gæðingsins eins og keppnisgreinin er borin fram í dag.

Það er ekki flókið að færa gæðingaskeiðið aftur inn í flokk gæðingaíþróttar. Jafnvel þótt fet sé leyft í byrjun á að gera gangskiptingu af tölti á stökk hærra undir höfði og það skipti máli hvernig töltið er. Sömuleiðis þarf að breyta niðurhægingunni í átt til upphaflegs forms. Að hæsta einkunn fáist þegar hestur er hægður mjúklega inn í tölt. Í niðurhægingunni reisi hesturinn sig lítið eitt og gangi saman inn í fjórtakt og setjist inn í fjaðrandi tölt í jafnvægi. Milliferðartölt í jafnvægi 70 metrum frá endamarki skeiðkaflans gæti verið ásættanlegur endapunktur spretts.



Með slíkum breytingum í átt til upprunans verður gæðingaskeið á ný með beina tilvísun til íslenska gæðingsins. Greinin verður jafnframt hestvænni og við munum aftur sjá gæðinga takast á í gæðingaskeiði. Þá verður gæðingaskeið aftur gæðingaskeið.

Stigskipting gæðingaíþróttar

Gæðingafimi/gæðingalist

Gæðingafimin rétt eins og gæðingaskeiðið var hönnuð fyrir íslenska gæðinginn. Landsþing LH árið 2018 ákvað að innleiða keppnisgreinina gæðingafimi í regluverk LH. Hafði gæðingafimin þá átt svið fimikeppni á íslenskum hestum í um 18 ár í gegnum Meistaradeild í hestaíþróttum. Bæði íslenskir hestamenn og erlendir áttu þess kost að horfa á Meistaradeildina í sjónvarpi og um netútsendingar. Mikill og vaxandi áhugi var á gæðingafiminni á þessum árum.

Því miður tókst ekki að innleiða gæðingaíþróttina gæðingafimi. Í staðinn bjó reglunefnd LH um gæðingafimi til nýja keppnisgrein sem síðar fékk nafnið gæðingalist. Gæðingalist, þrátt fyrir nafnið, er hins vegar ekki gæðingaíþrótt miðað við áður nefndar forsendur. Líkja má gæðingalist við einhverskonar námskeið, annað hvort í tamningum eða reiðfærni. Óljóst er hvort er, sbr. Mynd 1.

Gæðingaíþróttin gæðingafimi er frjáls spuni í þröngum tímaramma sem gefur öllum færi á að gera sitt besta á opnum velli. Aldurs- og getuflokkakerfi LH sér svo til þess að jafningjar takast á, rétt eins og í öðrum gæðingaíþróttum LH.

Þeim misskilningi var haldið að Landsþingum LH að stigskipta þyrfti keppnisgreininna svo allir aldurs og getuhópar gætu tekið þátt. Þar með var grundvöllur að eyðileggingu gæðingaíþróttarinnar gæðingafimi lagður.

Þeir sem þekkja íslenska hestinn vita hins vegar að það er hluti af eðliskostum íslenska gæðingsins að eiga auðvelt með að sýna kostina sem hann býr yfir. Við sjáum þess merki á íþróttamótum barna og í gæðingakeppnum barna að íslenski gæðingurinn er spilandi í höndum þeirra og oft er auðveldasta sýningaratriðið einmitt yfirferð á tölta eða brokki, sem er efsta þrep þjálfunarpíramídans fyrrnefnda.

Stigskipting gæðingaíþróttar er röng nálgun, gjaldfellir þær og færir úr flokki gæðingaíþróttar. Að auki verður allt mótahald flóknara og þyngra.

Hér að ofan hafa verið nefnd tvö dæmi um notkun á hugtakinu gæðingur sem orka tvímælis svo ekki sé meira sagt. Þessi dæmi undirstrika þörfina fyrir að marka skýrari ramma utan um hugtakið „gæðingur“ á starfssviði LH.

Allsherjarnefnd mælir með því að þessi tillaga sé samþykkt

Allsherjarnefnd mælir með því að samþykkja Afreksstefnu 2024-2026